

17.september 2023

## Minnisblað oddvita um sameiningu sveitarfélaga

Oddviti leggur fram bréf um sameiningarmál sveitarfélaga.

Nú erum við að sigla inn í annan veturinn í kjörtímabilinu og því ekki úr vegi að staldra ögn við og ræða sameiningu sveitarfélaga þar sem íbúafjöldi sveitarfélagsins er langt undir þeirri stærð sem talist getur rekstrarhæf eining. Ég tel það skyldu okkar sem sveitarstjórnaramanna að ræða slík mál og þá er ekki seinna vænna en að fara að ræða það ef það á að vinna það á kjörtímabilinu.

Mín tillaga er sú að nú þegar verði hafist handa við að undirbúa sameiningu. Að sjálfsögðu verðum við að vinna heimavinnuna fyrst, áður en við förum í formlegar viðræður, en orð eru til alls fyrst.

Jón E Einarsson,  
oddviti Skorradalshrepps